



UPPLÝSINGAR
MEÐHÖNDLUN Á ATÓPÍSKU EXEMI

**DRÖGUM ÚR KLÁÐANUM
OG HÖFUM STJÓRN Á EXEMINU**



Þér hefur verið ávísað nýju lyfi til meðhöndlunar á atópísku exemi sem oft er kallað barnaexem á íslensku. Í þessum bæklingi eru upplýsingar um lyfið og verkun þess.

Örstutt um atópískt exem

Atópískt exem er meðfæddur húðsjúkdómur, sem veldur því að eðlileg uppbygging og fitusamsetning húðarinnar raskast vegna bólguvaldandi ástands. Húð með atópísku exemi verður því oft þurr og ert og því er þýðingarmikið að bera daglega gott húðkrem á húðina – einnig þegar exem er ekki til staðar. Það er mjög mikilvægt að bæta upp þau fituefni sem húðina skortir. Markmiðið er að ná upp eins góðri húðvörn og mögulegt er.

Hvað er húðvörn?

Húðvörnin er ysta lag húðarinnar og kallast hornlag. Hornlagið samanstendur af „dauðum“ hornfrumum og fituefnunum keramíði, kólesteróli og fríum fitusýrum – einnig kölluð hin nauðsynlegu fituefni. Þegar atópískt exem er til staðar eru hornfrumurnar minni en í heilbrigðri húð og skortur er á og ójafnvægi milli nauðsynlegra fituefna.


Hornlag húðarinnar er á milli 0,1 og 1 mm þykkt, háð því hvar á líkamanum þykktin er mæld. Húðin er þykkust í lófum og á iljum og þynnst á augnalokunum. Hornlagið kemur í veg fyrir að örverur og ofnæmisvaldandi efni komist inn í húðina og valdi skaða og sér jafnframt um að halda rakajafnvægi, þannig að rakastig húðarinnar haldist eðlilegt.

Hvað er Protopic®?

Lyfið Protopic® (takrólímus) er steralaust feitt smyrslí sem notað til meðhöndlunar á miðlungs miklu og/eða alvarlegu atópísku exemí. Þar sem Protopic® er án stera, veldur notkun þess ekki þynningu húðarinnar, eins og getur gerst þegar um notkun stera er að ræða. Protopic® hentar því vel til notkunar á svæði þar sem húðin er mjög þunn: í andlit, á augnalok og háls. Protopic® breytir ekki uppbyggingu húðarinnar, jafnvel þó það sé notað samfleytt svo mánuðum skipti – eins og sterkustu sterakremin geta gert.

Hvernig verkar Protopic®?

Protopic® verkar á þann hátt, að það minnkar vatnsútgufun á húðsvæðinu sem verið er að meðhöndla, með því að örva ónæmissvörun húðarinnar og hemja sum þeirra boðefna sem orsaka exemí. Á þennan hátt stöðvar Protopic® exemferlið snemma og kemur í veg fyrir endurtekið exem, sem blossar oft upp og veldur ertingu, roða, kláða, bólgu og hrjúfri eða sprunginni húð.



Ef varnarlag húðarinnar er skaddað verður húðin viðkvæmari fyrir ertandi efnum, sem geta örvað óeðlilega ónæmissvörun og virkjað T-frumurnar, sem síðan orsakar þá bólgu sem er dæmigerð fyrir atópískt exem.¹

1. Alomar A et al. The role of topical calcineurin inhibitors in atopic dermatitis. Br J Dermatol, 2004; 151 (70): 3-27.

Dagleg umhirða húðarinnar

Það er ekki einungis exemið sem þarf að meðhöndla. Sá hluti húðarinnar sem ekki er með exem, er einnig í ójafnvægi og vantar nauðsynleg fituefni. Þess vegna þarf að annast húðina með góðu fituríku kremi, sem bætir upp þau fituefni sem skortir og flýtir fyrir endurnýjun eðlilegrar húðvarnar.

Hverjir geta notað Protopic®?

Protopic® geta allir notað sem eru eldri en tveggja ára og eru með í meðallagi mikið og/eða alvarlegt atópískt exem, sem ekki er hægt að meðhöndla á viðunandi hátt með hefðbundinni meðferð. Meðferðin gagnast best einstaklingum með eftirfarandi sjúkdómseinkennum:

- Exem þar sem viðunandi meðferðarárangur hefur ekki náðst með hefðbundinni sterameðferð.
 - Exem á stórum húðsvæðum
 - Exem sem blossar oft upp
 - Langvinnu exem
 - Exem á viðkvæmum svæðum, svo sem í andliti, á hálsi, í húðfellingum eða á augnalokum
- Einstaklingar sem ekki þola útvortis steranotkun.

Hvernig á að nota Protopic®?

Meðferð hjá börnum frá 2 til 16 ára: Berið þunnt lag af Protopic® smyrslu 0,03% á exemsvæðið tvisvar sinnum á dag í þrjár vikur. Síðan skal bera á húðsvæðið einu sinni á dag þar til exemið er að fullu gróið. Hafi lækniurinn gefið aðrar ráðleggingar, skal fylgja þeim.

Meðferð hjá fullorðnum (eldri en 16 ára): Berið þunnt lag af Protopic® smyrslu 0,1% á exemsvæðið tvisvar sinnum á dag. Nuddið smyrslinu vel á húðina og berið á öll exemsvæðin á hverjum degi. Haldið því áfram þar til exemið er að fullu gróið. Viðhaldið verkuninni með því að bera á húðina á hverjum degi og hættið meðferðinni þegar exemið er alveg horfið. Við minnstu einkennum um að exemið hafi blossað upp, skal hefja aftur meðferð tvisvar sinnum á dag.



Húðin á að vera nýpvegin og þurr þegar borið er á hana!

Hversu mikið á að bera á exemsvæðið?



Kreistu rönd af smyrslinu úr túpunni framan á fingurgóminn. Í töflunni hér fyrir neðan getur þú séð fjölda fingurgómaeininga sem nægja á mismunandi húðsvæði.

Fjöldi fingurgómaeininga

Börn	Andlit og háls	Hendur og handleggir	Fótleggir og fætur	Brjóst og kviður	Bak og rass
Frá 2 ára	1,5	1,5	2	2	3
3-5 ára	1,5	2	3	3	3,5
6-10 ára	2	2,5	4,5	3,5	5
Fullorðnir	Andlit og háls	Hendur og handleggir	Fótleggir og fætur	Brjóst og kviður	Bak og rass
	2	8	10	8	8

Berðu á önnur húðsvæði feita rakakremið sem þú notar venjulega (á allan líkamann, í andlit, á hendur, fætur o.s.frv.). Ekki má bera venjulegt húðkrem á þau svæði sem Protopic® hefur verið borið á, fyrr en í fyrsta lagi að tveimur klst. liðnum. Mundu að rakakrem á að bera á húðina með jöfnu millibili – á tveggja, fjögurra eða sex klst. fresti – eftir því hversu feitt kremið er.

Hversu fljótt verkar Protopic®?

Protopic® verkar fljótt og verkunin kemur í ljós strax á fyrsta sólarhring. Full verkun verður þó ekki fyrir en eftir 2-3 daga. Ef enginn árangur kemur í ljós innan tveggja vikna, þarf læknirinn að endurskoða sjúkdómsgreininguna og meðferðina.

Hversu lengi á að nota Protopic®?

Protopic® verkar eins lengi og þú þarft á því að halda. Eins og á við um öll önnur lyf, á þó ekki að nota smyrslíð lengur en nauðsyn krefur. Hætta skal meðferðinni þegar exemið er horfið. Haltu áfram að hugsa vel um húðina á öllum líkamanum og notaðu Protopic® aftur um leið og fyrstu einkennin koma í ljós. Fylgdu alltaf leiðbeiningum lækneisins.

Getur Protopic® valdið aukaverkunum?

Eins og flest önnur lyf getur notkun Protopic® valdið aukaverkunum. Þær eru þó oftast vægar og líða hjá. Algengasta aukaverkunin er sviða- og hitatilfinning á því svæði sem Protopic® hefur verið borið á. Sú aukaverkun hverfur eftir nokkurra daga meðferð. Aðrar aukaverkanir sem koma örsjaldan fyrir geta verið húðsýkingar, útbrot eða verkir. Ef þú færð einhverjar af þessum aukaverkunum, ráðleggjum við þér að leita til húðlæknis, sem getur metið hvort halda beri meðferðinni áfram eða fundið aðra meðferð sem hentar þér betur.

Þar sem Protopic® er ónæmisbælandi lyf hafa heilbrigðisyriföld í Evrópu og Bandaríkjunum beðið um að fram komi upplýsingar um fræðilegan möguleika á krabbameini. Milljónir manna nota lyfið um allan heim og þar til nú, fimm árum eftir að það kom á markað, hefur aukin tíðni krabbameins, þar með talið húðkrabbamein, ekki verið staðfest við notkun þess.

Hvenær má ekki nota Protopic®?

Ef þú ert með veirusýkingu, eins og t.d. áblástur (herpes), hlaupabólu eða eitthvað því um líkt, máttu ekki nota Protopic®. Það er ekki fyrr en sýkingin hefur verið meðhöndluð á annan hátt eða hún er sjálfkrafa horfin sem nota má Protopic® aftur.

Á meðan á Protopic® meðferð stendur þarftu að verja húðina fyrir sólinni, með sterkri sólarvörn (lágmarks sólarvarnarstuðull 15-20). Gerðu jafnframt venjulegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir sólbruna. Ekki dvelja í sólinni þegar hún er sterkust og gott er að klæðast léttum bómullarfötum til að hylja húðina. Þú skalt heldur ekki fara í sólarlampa á meðan þú notar Protopic® við exeminu.

Bólusetning

Ef þú þarft að gangast undir bólusetningu skaltu upplýsa lækinn um að þú sért að nota Protopic® vegna exem meðferðar.

Frekari dagleg umönnun húðarinnar

Astellas Pharma mælir með því að þú notir Locobase vörurnar til að annast húðina, vegna þess að fituinnihald þeirra er mikið – Locobase REPAIR® inniheldur auk þess nauðsynleg fituefni sem eru lík fituefnum húðarinnar (keramíð, kólesteról og fríar fitusýrur). Ef þér finnst þau of feit skaltu nota minna krem í einu og ávallt aðeins það magn sem húðin getur tekið við. Það má alltaf bera meira á ef nauðsyn krefur.

Ekki skal bera rakakrem á þau húðsvæði sem meðhöndluð eru með Protopic® innan tveggja klst. fyrir og eftir að Protopic® er borið á.

Góð ráð um daglegt hreinlæti og umönnun exemhúðar:

- Haltu húðinni hreinni með vatni og sápu, en athugið að ofnotkun sápu getur þurrkað húðina.
- Varastu að dvelja í heitu lofti innandyra
- Varastu að klæðast ullarfötum
- Berðu gjarnan kláðastillandi krem á húðina kvölds og morgna eða eingöngu á kvöldin ef það er notað einu sinni á dag
- Hafðu svalt í svefnherberginu á nóttunni
- Þú skalt bera vandlega og reglulega krem á húðina til að halda henni mjúkri
- Varastu húsrök

Protopic® (takrólímus) – stytt samantekt á eiginleikum lyfsins

Lyfjaform: Smyrslis. 1 g inniheldur 0,3 mg (0,03%) eða 1 mg (0,1%) takrólímus (sem einhýdrat) í basa sem samanstendur af paraffínólíu, própýlenkarbónati, hvítu vaselíni og hvítu bývaxi.

Lyfjahvörf: Frásogast aðeins í litlum mæli frá húðinni.

Ábendingar: Til meðhöndlunar á miðlungs miklu og/eða alvarlegu atópísku exemi, sem svarar á óviðunandi hátt hefðbundinni meðferð s.s. barksterum til staðbundinnar meðferðar.

Skammtar og lyfjagjöf: Protopic fæst í tveimur styrkleikum, 0,03% og 0,1% smyrslis. Notkun hjá börnum (2 ára og eldri): Í upphafi meðferðar á að bera 0,03% smyrslíð á tvisvar sínum á sólarhring í allt að 3 vikur. Eftir það skal bera smyrslíð á einu sinni á sólarhring þar til fullum bata er náð. Notkun handa fullorðnum (16 ára og eldri): Í upphafi meðferðar á að nota Protopic 0,1% tvisvar sinnum á sólarhring og meðferð skal haldið áfram þar til fullum bata er náð. Komi einkenni aftur fram skal hefja að nýju meðferð með Protopic 0,1% tvisvar á sólarhring. Reyna ætti að nota smyrslíð sjaldnar eða nota lægri styrkleikann af smyrslínu, Protopic 0,03%, ef klínísk einkenni leyfa.

Meðganga: Engar rannsóknir á notkun takrólímus smyrslis hafa verið gerðar á barnshafandi konum.

Brjóstgjöf: Upplýsingar frá mönnum sýna að takrólímus skilst út í brjóstamjólki eftir almenna (systemic) notkun þess. Ekki ráðlagt að konur með barn á brjósti noti Protopic smyrslis.

Frábendingar: Ofnæmi fyrir makrólíðum almennt, fyrir takrólímus eða fyrir einhverju hjálparefnum.

Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun: Verja ætti húðina eins mikið og hægt er fyrir sólarljósi. Mykjandi smyrslí á ekki að bera á sama svæði innan 2 klukkustunda fyrir eða eftir notkun Protopic smyrslis. Varast skal snertingu við augu og slímhúðir. Takrólímus umbrotnar að mestu leyti í lifur og þrátt fyrir að blóðþéttni sé lág eftir staðbundna meðferð á að nota smyrslíð með varúð hjá sjúklingum með lifrabílu. Áður en meðferð með Protopic smyrslis er hafin skal vera búð að meðhöndla sýkt húðsvæði. Protopic á hvorki að nota handa sjúklingum með meðfæðclan eða áunninn ónæmisbrest né handa sjúklingum sem eru í meðferð sem veldur ónæmisbælingu. Protopic smyrslí á ekki að bera á húðsvæði sem hugsanlega geta verið illkynja eða forstígg illkynja meins. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum þegar þarf að bera Protopic á stór húðsvæði í langan tíma, einkum hjá börnum.

Aukaverkanir: Sviðatilfinning og kláði voru mjög algeng einkenni, þau voru yfirleitt væg eða miðlungs alvarleg og hurfu venjulega innan einnar viku frá upphafi meðferðar. Hörundsroði var algeng húðerting. Einnig var algengt að hitatilfinning, verkir, dofi og útbrot kæmu fram á notkunarstað. Áfengisöþol (andlitsroði eða húðerting eftir neyslu áfengis) var algengt. Sjúklingar geta verið í aukinni hættu á að fá hársliðursbólgu, þrymlabólur og herpes veirusýkingar.

Markaðsleyfishafi: Astellas Pharma GmbH, München, Þýskalandi

Fulltrúi markaðsleyfishafa á Íslandi: Vistor hf. Hörgatúni 2, 210 Garðabæ

Pakkingar og verð í janúar 2008: 30g túpa 0,03% kr. 5.788, 10g túpa 0,1% kr. 2.758, 30g túpa 0,1% kr. 6.343

Astellas Pharma a/s

Vistor hf.

Hörgatún 2, 210 Garðabær

Sími 535 7000, Fax 565 6485

Netfang: astellas@vistor.is



STIMPILL LÆKNIS/LÆKNASTOFU

Húðlæknastöðin ehf

Smáratorg 1,

201 Kópavogur

s. 5204400 f. 5204400

Tölvup: timabokun@hls.is

www.hls.is

